

um landhelgismál.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Lúðvík Jósefsson, Björn Jónsson.

Stefna Alþingis í landhelgismálum er byggð á þeim grundvelli, að landgrunnið er hluti af yfirráðasvæði viðkomandi strandríkis. Samkvæmt viðurkenndum alþjóðareglum ber strandríkinu einkaréttur til nýtingar á auðæfum hafsbotsins til endimarkna landgrunnins. Rétturinn til nýtingar á auðæfum hafsbotsins og sjávarins yfir honum verður ekki aðskilinn. Í fullu samræmi við þessa stefnu setti Alþingi árið 1948 lög, þar sem því var lýst yfir, að allar fiskveiðar á landgrunnssvæðinu við Ísland skyldu háðar íslenskum lögum og fyrirmælum íslenskra stjórnarvalda, og árið 1969 lög um yfirráðarétt íslenska ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland.

Á síðustu árum hefur margvíslegri veiðitækni fleygt fram og ný stórvirk veiðitæki komið til sögunnar. Þetta hefur leitt til ofveiði á ýmsum norðlægum fiskimiðum. Sú hætta er yfirvofandi, að sókn aukist mjög á fiskimiðin við Ísland á næstu árum og valdi þar ofveiði á helztu fiskistofnum. Þá fer og mengunarhætta sívaxandi. Þar sem afkoma íslensku þjóðarinnar byggist öðru fremur á fiskveiðum, er skynsamleg hagnýting fiskimiðanna við landið og verndun þeirra gegn rányrkju og mengun lífshagsmunamála þjóðarinnar. Af framangreindum ástæðum felur Alþingi ríkisstjórninni að gera eftirgreindar ráðstafanir.

1. Að gera stjórnnum Bretlands og Vestur-Þýzkalands grein fyrir því, að vegna lífshagsmuna þjóðarinnar og vegna breyttra aðstæðna geti samningar þeir um landhelgismál, sem gerðir voru við þessi ríki á árinu 1961, ekki talizt bindandi fyrir Ísland og verði þeim sagt upp.
2. Að hefjast nú þegar handa um að stækka fiskveiðilandhelgina þannig, að hún verði 50 sjómílar frá grunnlínum allt í kringum landið, og komi stækkun til framkvæmda eigi síðar en 1. september 1972.
3. Að tilkynna öðrum þjóðum, að Alþingi hafi ákveðið, að íslensk lögsaga nái 100 sjómílar út frá núgildandi grunnlínum að því er varðar hvers konar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættulega mengun sjávarins á því hafsvæði.
4. Að skipa nefnd þingmanna, er í eigi sæti einn maður frá hverjum þingflokki, til að vinna ásamt stjórninni að framkvæmd þessarar þingsályktunar.

Þá felur Alþingi ríkisstjórninni að hafa á alþjóðlegum vettvangi sem nánast samstarf við þær þjóðir, sem lengst vilja ganga og miða vilja mörk fiskveiðiland-

helgi við landfræðilegar, jarðfræðilegar, líffræðilegar og félags- og efnahagslegar aðstæður og þarfir íbúa viðkomandi strandríkis.

Alþingi felur ríkisstjórninni að vinna sem kappsamlegast að því að kynna öðrum þjóðum framangreinda stefnu og fyrirætlun Íslendinga í landhelgismálunum.

### Greinargerð.

Það hefur verið sameiginlegt álit þeirra flokka, sem fulltrúa eiga í landhelgisnefndinni, að landhelgismálið væri komið á nýtt stig og því væri óhjákvæmilegt, að Alþingi markaði greinilega afstöðu til þess, áður en þessu þingi lyki. Nýjar og breyttar aðstæður valda því, að ekki verður lengur dregið, að Alþingi og ríkisstjórn hefjist handa um meiri háttar aðgerðir í landhelgismálinu.

Í fyrsta lagi bendir flest til þess, að sókn erlendra veiðiskipa á fiskimiðin við Ísland muni mjög aukast á næstu árum. Margar þjóðir auka nú stórlega fiskiskipastól sinn, jafnhliða því, sem hvers konar veiðitækni eykst og skipin stækka. Þá hefur ofveiði leitt til fiskleysis á ýmsum norðlægum fiskislóðum. Öll ástæða er því til að óttast, að sóknin aukist á Íslandsmið og stefni fiskstofnum þar í vaxandi hættu. Afkoma íslenzku þjóðarinnar byggist meira á fiskveiðum en nokkru öðru. Íslendingar eru til neyddir að mæta þessari augljósu hættu með útfærslu á fiskveiðilandhelginni og auknum friðunaraðgerðum á grundvelli hennar.

Í öðru lagi er svo það, að Sameinuðu þjóðirnar hafa ákveðið að kveðja saman ráðstefnu um hafréttarmálin á árinu 1973, þar sem m. a. verður reynt að ná samkomulagi um viðáttu fiskveiðilandhelginnar, en það mistókst, eins og kunnugt er, á hafréttarráðstefnum 1958 og 1960. Það mundi tvímælalaust verða til styrktar á hafréttarráðstefnunni, bæði fyrir Ísland og önnur ríki, sem líkra hagsmuna hafa að gæta, ef fiskveiðilandhelgi Íslands hefði verið færð út, áður en ráðstefnan kemur saman. Því fleiri ríki sem hafa fært fiskveiðilandhelgi sína út fyrir tólf mílna mörkin, áður en ráðstefnan kemur saman, því örðugri verður sókn þeirra, sem vilja binda fiskveiðimörkin við tólf mílur. Þá er það hugsanleg málamiðlun, að bindingarákvæði, sem samkomulag kann að nást um, nái ekki til þeirra, sem hafa tileinkað sér stærri fiskveiðilandhelgi, áður en ráðstefnan hófst.

Vegna framangreindra ástæðna og ýmissa fleiri má það ekki dragast úr þessu, að hafizt sé handa um útfærslu fiskveiðilandhelginnar og hún látin koma til framkvæmda sem fyrst og a. m. k. nokkru áður en hafréttarráðstefnan kemur saman. Því er lagt til í tillögunni, að útfærslan komi til framkvæmda ekki síðar en 1. september 1972.

Þá virðist einnig rétt af framangreindum ástæðum, að næsti áfangi í útfærslu fiskveiðilandhelginnar verði mun stærri en hinir fyrri. Það virðist einnig líklegt til að fækka árekstrum við nábúahljóðirnar að hafa áfangana stærri en færri. Þess vegna er lagt til, að næsti áfangi verði útfærsla á fiskveiðilandhelginni í 50 mílur. Sá áfangi er innan þeirra marka, sem landhelgisstefna Íslands byggist á, þ. e. að fiskveiðilandhelgin eigi að ná til endimarka landgrunnins.

Það er eðlilegur undanfari útfærslunnar, að Ísland segi upp landhelgissamningunum við Bretland og Vestur-Þýzkaland. Því er í þessari tillögu lagt til, að umræddum samningum verði sagt upp.

Það er efalaust, að landhelgismálið er eitt allra stærsta mál þjóðarinnar. Því er mikilvægt, að um það mál geti ríkt sem mest þjóðareining. Af þeim ástæðum hafa stjórnarandstöðuflokkarnir frestað því mánuðum saman að leggja tillögur sínar fyrir Alþingi, en fulltrúar þeirra í landhelgisnefndinni unnið að því að ná samkomulagi allra flokka um málið. Því miður hefur slík samstaða ekki náðst. Það er von og trú þeirra flokka, sem að þessari tillögu standa, að hún marki þá stefnu, sem allir flokkar eigi eftir að sameinast um, þótt það hafi ekki tekizt að sinni.